

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 54/2000

frá 28. júní 2000

**um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)
við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 26/2000 frá 31. mars 2000⁽¹⁾.
- 2) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 96/4/EB frá 16. febrúar 1996 um breytingu á tilskipun 91/321/EBE um ungbarnablöndur og stoðblöndur⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.
- 3) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 1999/50/EB frá 25. maí 1999 um breytingu á tilskipun 91/321/EBE um ungbarnablöndur og stoðblöndur⁽³⁾ skal felld inn í samninginn.
- 4) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 1999/41/EB frá 7. júní 1999 um breytingu á tilskipun 89/398/EBE um samræmingu laga aðildarríkjanna um sérfæði⁽⁴⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 141, 15.6.2000, bls. 46 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 28, 15.6.2000, bls. 268.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 49, 28.2.1996, bls. 12.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 139, 2.6.1999, bls. 29.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB L 172, 8.7.1999, bls. 38.

1. gr.

1. Eftirfarandi undirliður bætist við í 51. lið (tilskipun ráðsins 89/398/EBE) í XII. kafla í II. viðauka við samninginn:

„- **399 L 0041:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 1999/41/EB frá 7. júní 1999 (Stjtið. EB L 172, 8.7.1999, bls. 38).“

2. Eftirfarandi bætist við í lið 54a (tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 91/321/EBE) í XII. kafla í II. viðauka við samninginn:

„, eins og henni var breytt með:

- **396 L 0004:** Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 96/4/EB frá 16. febrúar 1996 (Stjtið. EB L 49, 28.2.1996, bls. 12),
- **399 L 0050:** Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 1999/50/EB frá 25. maí 1999 (Stjtið. EB L 139, 2.6.1999, bls. 29).“

2. gr.

Texti tilskipana framkvæmdastjórnarinnar 96/4/EB og 1999/50/EB og tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 1999/41/EB á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi þann 29. júní 2000, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni(*).

(*) Engin stjórmsýsluleg skilyrði tilgreind.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 28. júní 2000.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

F. Barbaso

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

G. Vik

E. Gerner